



Forsætisráðuneytið

B.t. Skúla Sveinssonar formanns vinnuhóps um eftirlitsstofnanir

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg

101 Reykjavík

Forsætisráðuneytið			
Nafn:	FOB 1406008	Abm.	SDA
DD:		AÖR:	SÓ
Mét:	09.09.2014	Svarf:	
Ans.		LVA:	

Reykjavík 5. september 2014

Tilvísun: 201408-0119

**Efni: Svar Mannvirkjastofnunar við fyrirspurn um viðmið um meðferð mála hjá eftirlitsstofnunum**

Vísað er til bréfs dags. 20. ágúst sl. þar sem óskað er eftir álitum Mannvirkjastofnunar á því að hve miklu leyti unnið er hjá stofnuninni eftir viðmiðum sem sett eru fram í leiðbeiningum OECD „The Governance of Regulators“ og „Regulatory Enforcement and Inspections“ varðandi það hvernig best sé að haga opinberu eftirliti. Jafnframt er í bréfinu óskað eftir ábendingum um hvernig megi bæta eftirlitsstarfsemi hjá stofnuninni, þ.m.t. hvort þær reglur sem hún starfar eftir séu við hæfi.

### 1. Almenn.

Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki, nr. 160/2010, laga um brunavarnir, nr. 75/2000, og laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, nr. 146/1996. Sameiginleg markmið þessarar löggjafar er að tryggja öryggi og hollustuhætti mannvirkja og vernda notendur þeirra.

Í aðalatriðum skiptist eftirlit Mannvirkjastofnunar í eftirfarandi svið:

1. Eftirlit með rafmagnsöryggi.
2. Markaðseftirlit með byggingarvörum, rafföngum og ýmsum vörum er hafa áhrif á brunaöryggi, s.s. handslökkvitækjum.
3. Eftirlit með þjónustuaðilum brunavarna, s.s. þeim sem þjónusta slökkvitæki, reykköfunartæki, viðvörunarkerfi og úðakerfi.
4. Eftirlit með starfsemi fagaðila í byggingariðnaði, þ.e. hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara.
5. Byggingareftirlit á varnar- og öryggissvæðum.
6. Samræmingar- og leiðbeiningarhlutverk vegna byggingar- og eldvarnareftirlits sveitarfélaganna og eftirlit með starfsemi slökkviliða.

Almennt má segja að tæknilegt eftirlit Mannvirkjastofnunar byggir á skjalfestum verklagsreglum og skoðunarhandbókum og fari fram í samræmi við lög um opinberar

eftirlitsreglur nr. 27/1999. Eftirlitsaðferðin byggir síðan í viðkomandi sérلöggjöf og getur falist í kröfu um gæðakerfi og eigin eftirliti sem framkvæmt er samkvæmt skoðunarhandbókum eða eftirlit verið framkvæmt af faggiltri skoðunarstofu.

## **2. Aðferðarfræði í eftirliti með rafmagnsöryggi.**

Í árslok 1996 var fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála hér á landi breytt með lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Breytingarnar miðuðu að því að koma fyrirkomulagi rafmagnsöryggismála í nútímalegra horf, draga úr beinu eftirliti stjórnvalda en auka jafnframt ábyrgð fagmanna, eigenda og umráðamanna raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, m.a. með kröfu um innra eftirlit hjá raforkufyrirtækjum og löggiltum rafverktökum. Fyrrgreindar breytingar voru unnar í nánú samráði við alla hagsmunaaðila á rafmagnssviði.

Góð reynsla er af fyrirkomulagi rafmagnseftirlitsmála og sátt um það meðal hasmunaaðila:

- Eftirlitið er nú samræmt um allt land, framkvæmt af faggiltum óháðum skoðunarstofum og skilið frá framkvæmdum og ráðgjöf. Samdar hafa verið og settar skilgreindar og samræmdar verklags- og skoðunarreglur um eftirlitið. Þessar reglur má nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.
- Samræmi er í hlutverkum og ábyrgð aðila í orði og borði. Lögð er áhersla á að eigendur búnaðar beri ábyrgð á eignum sínum, en fagaðilar faglega ábyrgð á verkum sínum.
- Tekin hefur verið upp aðferðafræði úrtaksskoðana (10 – 25 % úrtak) í stað alskoðana (100 %) með það að markmiði m.a. að ná hliðstæðum árangri með minni tilkostnaði.
- Lögð er áhersla á gæðaeftirlit og öryggisstjórnun sem eðlilegan og sjálfsagðan þátt í góðum stjórnunarháttum fyrirtækja á þessu sviði.

## **3. Annað eftirlit.**

Við heildarendurskoðun lagaumhverfis byggingarmála sem fór fram árin 2002-2010 var litið til fyrirkomulags eftirlits með rafmagnsöryggi og byggja lög um mannvirki sem tóku gildi 1. janúar 2011 á þeirri hugmyndafræði. Eftir 1. janúar 2015 á allt byggingareftirlit að fara fram á grundvelli skoðunarhandbóka sem Mannvirkjastofun semur. Frá sama tíma eiga allir aðilar í byggingariðnaði, þ.e. hönnuðir, byggingarstjórar og iðnmeistarar að hafa komið sér upp gæðastjórnunarkerfi. Afar mikið samráð var haft við hagsmunaaðila við mótun regluverksins.

Markaðseftirlit stofnunarinnar er almennt framkvæmt af faggiltum skoðunarstofum á grundvelli skoðunarhandbóka. Almennt er við það miðað að skoðunarhandbækurnar séu aðgengilegar eftirlitsþega áður en eftirlit er framkvæmt.



Sama gildir um eftirlit með þjónustuaðilum brunavarna. Eftir 1. janúar 2015 eiga þeir aðilar að hafa komið sér upp gæðastjórnunarkerfi. Allt eftirlit stofnunarinnar er framkvæmt á grundvelli skoðunarhandbóka sem birtar eru á heimasíðu stofnunarinnar. Á þetta að tryggja að eftirlitið sé samræmt og fyrirsjáanlegt.

#### 4. Um leiðbeiningar OECD.

Mannvirkjastofnun telur að sú aðferðarfræði sem hér er lýst að framan og byggt er á í starfsemi stofnunarinnar samræmist vel leiðbeiningum OECD sem vísað er til í bréfi vinnuhópsins. Löggjöf sú sem stofnunin starfar eftir er fremur nýleg og vönduð og byggir á skýrri hugmyndafræði. Hlutverk eftirlitsaðila og eftirlitsþega eru að mati stofnunarinnar skýr þó vissulega megi alltaf vinna að umbótum. Eftir því sem vinnu stofnunarinnar við innleiðingu aðferðarfræðinnar vindur fram er leitast við að gera þær úrbætur á regluverkinu sem þörf er á til að tryggja skýrleika og til einföldunar. Ábyrgð aðila er skýr. Meginávinningur skoðunarhandbóka er að kröfur regluverksins eru skýrðar og túlkaðar og svigrúm til mats og ósamræmdrar framkvæmdar minnkar auk þess sem eftirlit verður fyrirsjáanlegt. Almennt er það stefna stofnunarinnar að byggja eftirlit á áhættumati þannig að því sé einungis beint að þáttum er verulegu máli skipta varðandi t.d. öryggi og hollustu mannvirkja.

Þá má geta þess að Mannvirkjastofnun er sjálfstæð stofnun og hagsmunaaðilar hafa ekki aðkomu að stjórn stofnunarinnar. Stofnunin leggur hins vegar áherslu á samráð við hagsmunaaðila, stofnanir og ráðuneyti. Samkvæmt lögum um mannvirki er stofnuninni frá og með 1. janúar 2015 skylt að koma sér upp gæðakerfi og er það í undirbúningi. Þá er í gildi árangursstjórnunarsamningur milli stofnunarinnar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Það er álit Mannvirkjastofnunar að ekki sé þörf á endurskoðun þeirrar löggjafar sem stofnunin starfar eftir. Hins vegar bendir stofnunin á að innleiðingu laga um mannvirki er ekki lokið og því hefur þeim umbótum og einföldun eftirlits sem stofnunin stefnir að ekki verið komið á að fullu. Þá vekur stofnunin athygli á því að á heimasíðu stofnunarinnar má nálgast ýmis gögn um fyrirkomulag eftirlits stofnunarinnar.

Virðingarfyllt  
f.h. Mannvirkjastofnunar

  
Ingibjörg Halldórsdóttir  
Lögfræðingur